

Með því að aka of hratt hefur ákærði gerzt sekur við 26. gr. 2. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna og reglugerð nr. 23 1943, sbr. 38. gr. bifreiðalaganna.

Loks hefur ákærði brotið 109. gr. hegningarlaganna með því að bjóða lögregluþjóninum fé í framangreindum tilgangi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga.

Samkvæmt 68. gr. 1 og 2. mgr. hegningarlaganna þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt og samkvæmt 3. mgr. sömu hegningarlagagreinar ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, hrl. Eggerts Claessen, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Bjarni Hafstein Knudsen, sæti fangelsi í 60 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt. Frá sama tíma er hann sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Eggerts Claessens, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. apríl 1944.

Nr. 99/1943. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Gísla Magnúsi Gíslasyni

(Gunnar Þorsteinsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir rétt að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að vara-refsing ákveðst 25 daga varðhald.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vararefsing ákveðst 25 daga varðhald.

Kærði, Gísli Magnús Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. ágúst 1943.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Gísla Magnúsi Gíslasyni stórkaupmanni, Heimagötu 15 Vestmannaeyjum, fyrir meint brot á lögum nr. 118 2. júní 1940 um verðlag, nú lög nr. 3 13. febrúar 1943, og tilheyrandi verðlagsákvæðum, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og til upptöku á ólöglega teknum ágóða.

Kærður Gísli Magnús Gíslason er fæddur í Vestmannaeyjum 22. nóvember 1917 og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot.

Málavextir eru eftirfarandi:

Með e/s Hindoo, sem kom til Reykjavíkur í desember 1941, fékk kærður 510 sekki af mais frá firmanu Campell Flour Mills Co. Ltd. New York. Vörum þessum var skipað upp í Reykjavík, en síðar fluttar til Vestmannaeyja í smáslöttum vegna flutningaerfiðleika. Samkvæmt frásögn kærðs kom fyrsti hluti varanna til Vestmannaeyja í lok desember 1941, en síðan öðru hvoru (svo) í janúar og febrúar, en síðasti hluti þeirra kom í marz 1942. Um þetta leyti var maiskla í Vestmannaeyjum, og þar af leiðandi mikil eftirspurn eftir maisnum. Kærður kveðst ekki hafa fengið, er fyrsta sendingin kom til Vestmannaeyja, reikninga yfir kostnaðarverð maisins og hafi hann þar af leiðandi ekki getað verðlagt hann réttilega. Kveðst hann hafa leitað sér upplýsinga um heildsöluverð á mais í Reykjavík á þessum tíma, og hafi það verið kr. 26.50 pr. sekk. Hann kveðst hafa verðlagt maisinn einni krónu dýrari hingað kominn, eða kr. 27.50 pr. sekk. Seldi hann maisinn

siðan við því verði. Samkvæmt frumbókum verzlunar ákærðs afgreiddi hann 82 sekki af maisnum frá 27. janúar 1942 til 3. febrúar s. á., og hvern þeirra fyrir kr. 27.50. Á þeim tíma voru í gildi verðlagsákvæði nr. 128 frá 23. júlí 1941, og sem ákváðu hámarksálagningu á mais í heildsölu 7.5%. En 3. febrúar 1942 gengu í gildi ný verðlagsákvæði, sem ákváðu hámarksálagningu 6.5%. Kærður lækkaði samt sem áður ekki verðið á maisnum, heldur seldi hann við hinu sama verði og áður. Afgreiddi hann á tímabilinu frá 11. febrúar 1942 til 1. maí s. á. 400 sekki við óbreytt verð. En í júní seldi hann tvo sekki, annan á 22 kr., hinn á 27 kr., og í júlí seldi hann 1 sekk á 29 kr. og 2 á kr. 26.50. Afhendingarúttur hafa ekki komið fram varðandi 20 sekki af maisnum, og hefur kærður gert ráð fyrir, að þær hafi glatazt. Samkvæmt frásögn kærða seldi hann ekkert af vörunni gegn greiðslu út í hönd, heldur alla með mánaðar gjaldfresti.

Með bréfi, dags. 6. marz 1942, kærði Búnaðarfélag Vestmannaeyja til verðlagsnefndar yfir því, að kærður seldi maisinn með of háu verði. Leitaði verðlagsnefnd sér þá upplýsinga um kostnaðarverð maisins, og lét ákærður nefndinni í té verðreikning yfir vöruna, og var hann á þessa leið:

Innkaupsverð cif.	kr.	9804.00
Bankakostnaður	—	615.00
Verðtollur	—	784.00
Vörutollur	—	462.00
Hafnargjald	—	561.00
Uppskipun 15 kr. pr. tonn	—	345.00
Akstur 6.60 kr. pr. tonn	—	153.00
Leyfisgjald	—	15.00
Trygging v/ s.s. „Sessu“	—	285.00

Kr. 13024.00

Samkv. þessu var kostnaðarverð pr. sekk kr. 25.54 og álagningin 7.68%, þar sem sekkurinn var seldur á kr. 27.50 eins og áður er getið.

Er verðlagsnefnd fékk í hendur þennan verðreikning, þótti henni margt við hann að athuga, sumir kostnaðarliðirnir væru bersýnilega rangir og aðrir of háir. Gerði nefndin sjálf reikning yfir áætlað kostnaðarverð maisins, og sýndi hann kostnaðarverð pr. sekk kr. 22.17. Jafnframt fól nefndin umboðsmanni sínum hér á staðnum að ganga úr skugga um, hverir væru hinir raunverulegu kostnaðarliðir vörunnar, og ef verðreikningur nefndarinnar reyndist réttur í öllum aðalatriðum, lagði nefndin svo fyrir, að málið yrði afhent dómstólunum til meðferðar.

Athugun umboðsmanns nefndarinnar leiddi í ljós, að verðreikningur hennar myndi vera nærri réttu lagi, og afhenti hann

þá málið til lögreglustjóra með kærú dags. 10. apríl 1942. Er kærður mætti fyrir lögreglurétti, viðurkenndi hann þegar, að tveir kostnaðarliðir, sem hann gaf upp fyrir verðlagsnefnd, væru ekki réttir. Annar þeirra, vörúvullur kr. 462.00, ætti þar ekki við, og bæri að fella hann niður, en hinn, hafnargjald kr. 561.00, væri langt of hár. Aðra kostnaðarliði taldi hann rétta.

Meðan rannsókn málsins stóð yfir, og samkvæmt þeim gögnum, sem náð varð til, reiknaði umboðsmaður verðlagsstjóra að nýju kostnaðarverð málsins, og var verðreikningur hans á þessa leið:

Innkaupsverð cif.	kr.	9804.00
Bankakostnaður, 2½ % af kr. 6600.00	—	165.00
Verðtollur	—	784.00
Hafnargjöld kr. 2.00 pr. tonn (23.13 tn.) ..	—	46.26
Uppskipun kr. 15.00 pr. tonn	—	345.00
Akstur kr. 6.60 pr. tonn	—	152.65
Leyfisgjald	—	24.40
		<hr/>
	Kr.	11321.41

Kostnaðarverð pr. sekk varð því samkvæmt þessu kr. 22.20, og útsöluverð í heildsölu með 7½ % álagningu kr. 23.87, en með 6½ % álagningu kr. 23.64.

Flestir ofangreindir kostnaðarliðir hafa verið nægjanlega sannaðir, en tvær athugasemdir hefur ákærður gert við verðreikninginn. Bankakostnaðinn telur hann of lágt reiknaðan og einn kostnaðarlið vanti: Trygging v/s „Sessu“ kr. 285.00. Þann lið skýrir ákærður á þá leið, að í marz 1941 hafi hann pantað 510 sekki af máis frá Ameríku með s.s. Sessu, en vörusendingin hafi glatazt þar sem s.s. Sessa fórst á leiðinni. Kveðst ákærður þá hafa endurnýjað pöntun sína og hafi vörurnar komið með s.s. Hindoo, eins og áður er getið. Kostnaður við váttryggingu varanna, sem fórust með s.s. Sessu, segir ákærður, að hafi numið kr. 285.00, og telur hann, að þessi upphæð eigi að reiknast með í kostnaðarverði málsins, sem mál þetta snýst um. Vitnaði ákærður í því sambandi til auglýsingar um verðlagsákvæði nr. 128 frá 23. júlí 1941, sem heimilaði þetta berum orðum. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að í nefndri auglýsingu felist engin heimild til þess að telja slíkan kostnað með í kostnaðarverði málsins, sem var allt önnur vörusending, og þessi kostnaðarliður sé því réttilega felldur niður í verðreikningnum.

Á verðreikningnum er bankakostnaðurinn reiknaður 2½ % af innkaupsverði varanna (faktúruverði) og er það byggt á umsögn verðlagsnefndar.

Kærður hins vegar telur kostnaðinn of lágan, og áætlaði hann sjálfur kr. 615.00. Engar sannanir hefur hann þó fært fyrir þeirri

upphæð. Hann hefur viðurkennt, að innifalinn í áætlunarupphæð sinni væri bankakostnaður vegna vörusendingarinnar, sem fórst með s.s. Sessu, en þann kostnað verður að telja, að honum sé óheimilt að leggja við kostnaðarverð, af sömu ástæðu og tilgreindar eru hér að ofan, varðandi kostnað við tryggingu vörusendingarinnar með s.s. Sessu. Svo hefur ákærður einnig lagt fram tvö bréf, eða reikninga varðandi bankakostnað, samtals að upphæð kr. 825.89, vegna ýmsra vara, sem kostuðu um 40 þús. krónur, og hefur ákærður skýrt svo frá, að maissendingin, sem ræðir um í máli þessu, sé einn hluti af þeim vörum. Reikningar þessir benda til, að bankakostnaðurinn hafi ekki orðið meiri en verðlagsnefndin áætlaði. Þar sem aðrar upplýsingar liggja ekki fyrir, verður að leggja þá upphæð til grundvallar.

Samkvæmt því, er nú hefur verið tekið fram, verður að fallast á, að verðreikningur umboðsmanns verðlagsstjóra sé að öllu leyti réttur. Af því leiðir aftur, að verðlagning ákærðs á maisnum var allmiklu hærri en heimilt var samkv. verðlagsákvæðum frá 23. júlí 1941 og 3. febrúar 1942, og hefur ákærður því brotið gegn fyrirmælum laga um verðlag nr. 118 frá 2. júlí 1940, nú lög nr. 3 frá 3. febrúar 1943.

Kemur þá til athugunar, hve miklu hinn ólöglega tekni ágóði hafi numið. Trúnaðarmaður verðlagsstjóra hefur samkvæmt til-mælum dómarsans reiknað hann út og komizt að þeirri niðurstöðu, að hann næmi kr. 1971.58. Miðaði hann við framangreint kostnaðarverð, kr. 22.20 pr. sekk, og tók tillit til söliverðs og sölutíma samkv. því, sem fram kemur á afhendingarnótum yfir maisinn. Ákærður hefur talið þessa upphæð of háa, í fyrsta lagi vegna þess að hann hafi ekki þurft að taka tillit til verðlagsákvæðanna, sem gengu í gildi 3. febrúar 1942, þar eð hann hafi verið búinn að semja um sölu á öllum maisnum fyrir þann tíma. Þetta verður ekki talið skipta neinu máli, heldur beri eingöngu að miða við afhendingardag varanna, enda er það upplýst, að kaupverðið var ekki greitt um leið og ákærður kveðst hafa samið um söluna, heldur alllöngu eftir að afhending fór fram. Ákærðum bar því að hlíta verðlagsákvæðum frá 3. febrúar 1942 um allan þann mais, er hann afgreiddi eftir þann tíma.

Þá hefur kærður bent á það, að sumar afhendingarnótur maisins beri það með sér, að allmargir sekkir hafi verið seldir til kaupenda, er ekki höfðu verzlunarleyfi, og sé því þar um smásölu að ræða, og beri því að miða við hámarksálagningu í smásölu, en ekki í heildsölu, hvað þann mais snertir. Nú er það svo, að ákærður rekur enga smásöluverzlun og hefur ekki smásölu-leyfi, heldur aðeins verzlunarleyfi til heildsölu, og hafði þar af leiðandi engan rétt til að selja vörur með öðru verði en heildsöluverði. Hann hefur raunar talið sér það heimilt, vegna þess að hann

hafi mátt nota smásöluleyfi Gunnlaugs Loftssonar, félaga síns í firmanu Gunnlaugur Loftsson & Co., og hefur lagt fram yfirlýsingu frá Gunnlaugi Loftssyni því til staðfestingar. En upplýst er, að heildverzlun ákærðs sjálfs pantaði vörurnar og kom fram sem seljandi þeirra, og að firmað Gunnlaugur Loftsson & Co. hafði ekki, svo kunnugt sé, nein afskipti þar af, enda hefur það félag eingöngu með höndum sölu byggingarvara, eftir því sem tilkynnt er til firmaskrár. Með tilliti til þess, er nú hefur verið greint, svo og þess, að réttur samkv. verzlunarleyfi er ekki framseljanlegur, verður ekki fallið á, að ákærður hafi haft nokkra heimild til þess að selja maisinn í smásölu samkv. smásöluleyfi Gunnlaugs Loftssonar.

Aðrar athugasemdir við útreikning umboðsmanns verðlagsstjóra á hinum ólöglega tekna ágóða hefur ákærður ekki sett fram, og með því að fallast má á útreikninginn að öðru leyti, þykir verða að ganga út frá, að hinn ólöglega tekni ágóði hafi numið greindri upphæð, kr. 1971.58.

Er brot ákærða var framið, voru í gildi lög nr. 118 frá 2. júlí 1940. Samkv. 13. grein þeirra laga skyldi gera upptækan þann ágóða, sem fengist við brot á lögnum. Lög þessi voru numin úr gildi með lögum nr. 79 frá 1. september 1942 um dómnefnd í verðlagsmálum, en 12. gr. 3. mgr. þeirra laga hélt þessu ákvæði óbreyttu.

Í núgildandi lögum um verðlag nr. 3 frá 13. febrúar 1943 hefur verið fellt niður ákvæði eldri laga um að hinn ólöglega tekni ágóði skuli gerður upptækur. Allt að einu þykir rétt, samkv. heimild í 69. gr. almennra hegningarlaga, að gera upptækan þann ágóða, sem runnið hefur til ákærða fyrir brot hans á verðlagslögnum, og skylda hann til að greiða ríkissjóði ofangreinda upphæð, kr. 1971.58.

Svo þykir og rétt að dæma hann til refsingar. Við ákvörðun refsingarinnar þykir verða að hafa það í huga, að ákærður hefur sýnt allmikið skeytingarleysi gagnvart fyrirskipuðum verðlagsákvæðum. Er verðlagsákvæðin frá 3. febrúar 1942 gengu í gildi. Lækkaði ákærður ekki verðið á maisnum, og ekki lækkaði hann verðið heldur, er kæra kom fram. Hlaut þó ákærðum að vera þá vel ljóst, að álagning hans var of há, og það allt að einu, þótt allar mótbáru, sem hann hefur komið fram með í máli þessu, hefðu verið réttar. Þykir refsing ákærðs með tilliti til þess og annarra atvika hæfilega ákveðin skv. 9. gr. 1. nr. 3 frá 13. febrúar 1943, sbr. 13. gr. laga nr. 118 frá 2. júlí 1940, 1000 króna sekt í ríkissjóð, er ákærðum ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan þess tíma, 50 daga varðhald.

Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber ákærðum að greiða

og þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér fyrir réttinum, Kristins Ólafssonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gísli Magnús Gíslason, greiði kr. 1000.00 í sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 50 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði, kr. 1971.58, er gerður upptækur, og skal ákærður greiða þá upphæð í ríkissjóð.

Svo skal ákærður og greiða allan sakarkostnað, áfallinn og áfallandi, og þar á meðal kr. 250.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Ólafssonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1944.

Nr. 118/1943. Réttvísni (Gunnar J. Möller)

gegn

Þórarni Jónssyni (Magnús Thorlacius)

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 250.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þórarinn Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Möllers og Magnúsar Thorlacius kr. 250 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. október 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 12. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2469/1943: Rétt-